



KYNNINGARBÆKLINGUR UM ÞÁTTTAKENDUR

í póstkosningu Framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi
fyrir Alþingiskosningarnar 25. september 2021.

PÓSKOSNINGIN FER FRAM 1. - 31. MARS 2021



Atkvæðaseðill

Kjósa skal 6 einstaklinga hvorki færri eða fleiri.
Til að kjósa í fyrsta sæti skal setja 1 fyrir framan nafnið
og svo framvegis upp í 6 sæti.

- 4 Guðmundur Sigurðsson
- Guðmundur Sigurðsson
- 2 Guðmundur Sigurðsson
- Guðmundur Sigurðsson
- 5 Guðmundur Sigurðsson
- 1 Guðmundur Sigurðsson
- 3 Guðmundur Sigurðsson
- Guðmundur Sigurðsson
- 6 Guðmundur Sigurðsson

SÝNISHORN AF ATKVÆÐASEÐLI

Kjósa skal 6 einstaklinga hvorki færri eða fleiri.
Til að kjósa í fyrsta sæti skal setja 1 fyrir framan
nafnið og svo framvegis upp í 6 sæti.



HALLDÓRA HAUKSDÓTTIR

**Ég gef kost á mér í 4.-6. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Kæru félagar.

Næstkomandi haust göngum við til kosninga til Alþingis. Að vel athuguðu máli hef ég, í samráði við fjölskyldu og vini, ákveðið að bjóða mig fram á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi og sækist þar eftir 4. til 6. sæti.

Ég er fædd og uppalin í sveit á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. Gekk í grunnskóla í vesturbæ Reykjavíkur en dvaldi þó ávallt fyrir norðan á sumrin. Að loknu stúdentsprófi við Menntaskólann á Akureyri fór ég í lögfræði og útskrifaðist árið 2008. Eftir það hóf ég störf hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum. Árið 2013 öðlaðist ég málflytningaréttindi og hóf störf á lögmannsstofu á Akureyri sem ég varð svo síðar meðeigandi að. Haustið 2017 ákvað ég að fjárfesta í sjálfri mér og hóf MBA nám við Háskóla Íslands samhliða vinnu. Meðan á náminu stóð hóf ég störf sem lögfræðingur hjá Akureyrarbæ og starfa þar nú sem lögmaður á nýju velferðarsviði Akureyrarbæjar. Ég útskrifaðist svo úr MBA náminu vorið 2019.

Ég er mikil félagsvera og hef tekið virkan þátt í margskonar félagsstarfi og finnst fátt skemmtilegra en að vera umvafin fjölskyldu eða vinum þar sem ýmislegt er brallað, ferðast, íþróttaviðburðir, útilegur eða hvað sem er. Ég bý á Akureyri, á þrjú börn og á kærasta sem heitir Eggert en hann á tvær dætur.

Ég er mikil samvinnukona og trúi því að samvinna og samstaða skili okkur bestum árangri, skili okkur bestu niðurstöðunni fyrir sem flesta. Stjórn málin má vonandi færa nær slíku vinnulagi. Við þurfum að sameina krafta okkar hvar í flokki sem við stöndum til að ná árangri í svo mörgum málaflokkum t.d. menntamálum, umhverfismálum og velferðarmálum. Þá er íslenskur landbúnaður og byggðamál mér sérstaklega hugleikin. Við þurfum að styrkja grunnstoðirnar okkar enn frekar og efla getuna til þess að bregðast við þegar á móti blæs, en það er full þörf á því að ekki bara bregðast við heldur líka breyta þegar þörf er á.

Samhliða vinnu minni, rek ég eggjabúið Grænegg í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd ásamt mági mínum og systur. Auk þess sem ég sit í stjórn Byggðastofnunar og stjórn Bændasamtaka Íslands.


Löngunin til að leggja mitt af mörkum til þessa samfélags sem við búum í hefur alltaf verið sterk. Eftir mikla hvatningu þá læt ég slag standa og býð fram krafta mína. Ég er þeirrar skoðunar að ef við sjáum tækifæri þá eigi að sækjast eftir þeim. Saman setjum við stefnuna á að ná góðum árangri í haust. Baráttukveðjur!

HALLDÓRA BÝR Á AKUREYRI



HELGI HÉÐINSSON

Ég gef kost á mér í 2.-3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi fyrir þingkosningar í haust.



Meginástæða þess að ég gef kost á mér nú er óbilandi trú mín á þeirri vegferð sem Framsóknarflokkurinn hefur verið á, sér í lagi á líðandi kjörtímabili. Vegferð samvinnu, uppbyggingar og umbóta sem knúin er áfram af fólki með hugsjónir. Mér líður eins og ég geti lagt þeim málstað lið, en ekki síður að þar sé vettvangur góðra verka sem ég vil fylgja fast eftir.

Síðustu ár hef ég unnið af krafti sem oddviti Skútustaðahrepps. Þar hef ég í góðum hópi fólks starfað eftir hugmyndafræði sem ég er ákaflega stoltur af. Hugmyndafræðin byggir á því að styrkja stoðir samfélagsins með hamingju og vellíðan fólksins að leiðarljósi. Leiðirnar að hamingjunni eru æði mismunandi og að mörgu þarf að huga. Öll viljum við búa við sanngjörn tækifæri til að skapa okkur lífsviðurværi. Við viljum njóta lífsgæða og lífsfyllingar. Við viljum hafa aðgengi að menntun og heilsugæslu. Við viljum hugsa vel um umhverfið okkar og njóta menningar og lista. Við viljum verja meiri tíma með vinum og fjölskyldu og við viljum að þeir sem starfa í okkar þágu geri það af heilindum og með almannahag að leiðarljósi. Við viljum fá aðstoð þegar við leitum eftir henni vegna veikinda, hvort sem þau eru líkamleg eða á andlega sviðinu. Þetta er það sem ég brenn fyrir.

Ég hef verið svo lánsamur að hafa haft tækifæri til að byggja mér traustan grunn með fjölskylduna mér við hlið. Síðustu 15 ár hef ég byggt upp rekstur á Geiteyjarströnd í Mývatnssveit í ferðaþjónustu, fiskvinnslu og við sauðfjárbúskap. Ég hef menntað mig og lokið meistaraþrófi í viðskiptafræði auk MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Ég hef fengið tækifæri til að rækta leiðtogann á ýmsum sviðum, þar á meðal í handboltanum á Selfossi og í Mosfellsbænum, í stjórn og sem formaður stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, við kennslu í Háskóla Íslands og sem formaður veiðifélags Mývatns.

Stóra málið á komandi kjörtímabili verður að verja velferðina og finna leiðir áfram veginn. Undirstaða þeirrar vegferðar er efling atvinnulífsins. Þar bý ég að traustum bakgrunni úr ferðaþjónustu, landbúnaði, fiskvinnslu, sveitarstjórnarstörfum og úr fjármálakerfinu. Sá bakgrunnur veitir mér skýra sýn á viðfangsefnin og þekkingu á því sem gera þarf.

Umfram allt er ég ungur, jákvæður og bjartsýnn. Fullur af krafti til góðra verka.

Ég hvet ykkur eindregið til að vera í sambandi í skilaboðum, tölvupósti eða í síma 663-1410.



INGIBJÖRG ISAKSEN

**Ég gef kost á mér í 1. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Ég heiti Ingibjörg Isaksen, er 44 ára gömul. Ég bý á Akureyri með eiginmanni mínum Karel Rafnssyni, samtals eigum við sex börn og eitt barnabarn. Ég er með B.s. próf í íþróttافرæðum frá Háskóla Íslands auk þess sem ég stundaði nám í sterkari stjórnsýslu í Háskólanum á Bifröst.

Ég hef tekið þátt í sveitarstjórnarmálum frá 2012, tvö ár í Eyjafjarðarsveit en frá 2014 í meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar. Á tímabilinu hef ég sinnt formennsku í nokkrum nefndum á vegum bæjarins og hef öðlast reynslu og þekkingu ólíkra málaflokka í tengslum við störf mín, þar á meðal sem stjórnarformaður Norðurorku. Auk þess sinni ég trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn sem formaður sveitarstjórnarráðs og er formaður starfshóps um líf skjör og aðbúnað eldri borgara, skipaðan af barna- og félagsmálaráðherra. Jafnframt er ég framkvæmdastjóri Læknastofa Akureyrar.

Framsókn hefur verið leiðandi afl í íslenskum stjórnmálum og mun verða það áfram og mig langar með umboði ykkar að taka þátt í þeirri vegferð.

Áherslumál.

Málefni landsbyggðarinnar standa mér nærri og mikilvægi þess að jafnræði ríki hvað varðar tækifæri til búsetu, atvinnu og menntunar. Grundvöllur að því er uppbygging innviða, bættar samgöngur, fjölgun starfa og aukin fjölbreytni í atvinnulífinu. Opinber störf þarf að flytja í auknum mæli út á land og varðandi ný störf vil ég að fyrst sé horft til landsbyggðarinnar.

Landbúnaður og sjávarútvegur eru grunnstoðir atvinnulífs víða á landsbyggðinni og það er mikilvægt að byggja ofan á þann grunn og skapa fjölbreytt atvinnutækifæri, í ferðapjónustu, þekkingariðnaði og með nýsköpun svo eitthvað sé nefnt. Nám og störf óháð búsetu eru framtíðin, tækifærin eru óþrjótandi og möguleikar einstaklinga og fyrirtækja til vaxtar og velgengni er mikil. Það eru grundvallarréttindi að fólki verði kleift að velja sér búsetu þar sem það kýs og okkar verkefni er að gera Norðausturkjördæmi að enn ákjósanlegri búsetukosti.

Ástæðan fyrir framboðinu er einföld: áhugi minn á að vinna að framgangi samfélagsins, eiga samtöl og samvinnu við fólk og hlúa að framtíð og tækifærum íslensks samfélags. Ég hef brennandi áhuga á stjórnmálum og mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum sem og úr atvinnulífinu og hef ekki skorast undan því að taka að mér krefjandi verkefni á þeim vettvangi. Nú langar mig að beita mér með beinum hætti fyrir kjördæmið í heild sinni og landsbyggðina alla fái ég til þess ykkar stuðning.

INGIBJÖRG BÝR Á AKUREYRI



JÓN BJÖRN HÁKONARSON

**Ég gef kost á mér í 2. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Ágætu samflokksmenn, Jón Björn Hákonarson heiti ég og er 48 ára íbúi í Neskaupstað sem er eitt af hverfum sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Ég bý þar ásamt eiginkonu minni, Hildi Völu Þorbergsdóttur og tveimur börnum okkar.

Ég hef lengst af starfað á vettvangi sveitarstjórnarmála og verið svo lánsamur að hafa fengið traust á þeim vettvangi til ýmissa verka. Afskipti mín af sveitarstjórnarmálum hófust fyrir rúmlega 25 árum, kjörtímabilið 1994-1998 þegar ég tók fyrst sæti í nefndum á vegum sveitarfélagsins Neskaupstaðar og hef verið virkur á sviði sveitarstjórnarmála allar götur síðan. Ég tók síðan sæti sem aðalmaður í bæjarstjórn Fjarðabyggðar árið 2010 og varð þá forseti bæjarstjórnar og sinnti því starfi til haustsins 2020, er ég tók við starfi bæjarstjóra Fjarðabyggðar. Ég hef setið í og stýrt flestum nefndum sveitarfélagsins á þessum tíma ásamt setu í ýmsum stjórnnum samstarfsvettvangs sveitarfélaganna á Austurlandi og landsvísu. Var varaþingmaður Framsóknarflokksins í NA-kjördæmi kjörtímabilið 2007-9 og þreytti frumraun mína á vettvangi landsmálanna þegar ég tók sæti á Alþingi í desember 2007.

Ég hef verið ritari Framsóknarflokksins frá árinu 2016 og í þeim störfum hef ég fengið að kynnast undirstöðum flokksins sem er grasrótin, fólkið sem hann myndar. Ég hef stundum sagt að í henni grundvallist kjörorð samvinnunnar – Máttur hinna mörgu – sem á að vera undirstaða Framsóknarflokksins sem félagshyggjuafis.

Sveitarstjórnarmál eru mér, eins og gefur að skilja, mjög hugleikin í ljósi reynslu minnar á þeim vettvangi. Þá standa mér einnig nærri mál sem tengjast búsetu fólks á landsbyggðinni s.s. jöfnun búsetuskilyrða í sem víðustum skilningi, efling fjarskipta þannig að landsbyggðin sé undir fjórðu iðnbyltinguna búin og uppbygging klasasetra til að gera fólki kleift að stunda vinnu án staðsetningar.

Tryggja þarf og efla það góða og fjölbreytta atvinnulíf sem að finna má víða innan NA-kjördæmis. Við þurfum þannig að hætta að tala um hvað horfur í landbúnaði séu góðar til framtíðar og finna frekar leiðir til að gera hann að öflugri atvinnugrein, líkt og sjávarútvegurinn er. Uppbygging fiskeldis, efling menntunar í kjördæminu, orkumál í víðum skilningi og áframhaldandi uppbygging samgangna eru einnig mál sem standa mér hvað næst.

Framsóknarflokkurinn á að vera leiðandi stjórn málafl í okkar kjördæmi, sem og á landinu öllu. Ég er tilbúinn til að leggja mitt af mörkum til að svo verði fái ég til þess traust framsóknarfólks í kjördæminu.

JÓN BJÖRN BÝR Í NESKAUPSTAÐ, FJARÐABYGGÐ



JÓNÍNA BRYNJÓLFSDÓTTIR

**Ég gef kost á mér í 4.-6. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Ég er fædd í Reykjavík árið 1979 og ólst þar upp. Ég lærði hálfu leið í kokkinn og varð á þeim tíma formaður og síðar framkvæmdastjóri lðnnemasambands Íslands. Árið 2005 hóf ég nám við Háskólann á Bifröst, við frumgreinadeild og lauk síðan BS-gráðu í viðskiptalögfræði. Eftir það, fyrir 13 árum, lá leið mín austur á Hérað þar sem ég kynntist eiginmanni mínum og hef verið stoltur íbúi Austurlands síðan. Ég hélt síðan áfram námi á Bifröst þar sem ég lauk einnig MLM gráðu í forystu og stjórnun.

Ég hef áralanga reynslu af félags- og stjórnmalastörfum og er nú varafulltrúi í sveitarstjórn Múlapings, varaformaður umhverfis- og framkvæmdaráðs og ritari stjórnar Hitaveitu Egilsstaða og Fella auk þess að vera formaður sunddeildar Hattar. Þá hef ég áður verið í framboði til Alþingis, en árið 2007 skipaði ég 4. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík norður. Á þeim tíma var ég einnig formaður Framsóknarfélagsins á Bifröst og starfaði með SUF.

Ég veit hvað það skiptir miklu máli að málefnum landsbyggðarinnar sé haldið á lofti. Í nútíma samfélagi eru gríðarleg tækifæri fólgin í búsetu á landsbyggðinni en þá er á sama tíma mikilvægt að tryggja innviði og þjónustu um landið allt. Það eru gríðarleg lífsgæði fólgin í því að búa á landsbyggðinni en við þurfum á ákveðinni viðhorfsbreytingu að halda svo fleiri geti notið þess. Ég hef góða innsýn og mikla þekkingu á ferðaþjónustu og tel að rödd ferðaþjónustunnar þurfi að heyrast betur.



KARÍTAS RÍKHARÐSDÓTTIR

**Ég gef kost á mér í 3.-4. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Ég er fædd og uppalin á Raufarhöfn og á hina ættina að rekja í Þistilfjörðinn og til Þórshafnar. Þá sótti ég bæði mennta- og háskóla til Akureyrar, bjó þar í sjö ár og hef einnig starfað og dvalið á Húsavík.

Ég er sjávarútvegsfræðingur að mennt, frá Háskólanum á Akureyri og stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri. Mín síðasta námsáskorun var að þreyta smáskipapróf í Stýrimannaskólanum. Ég nýt þeirra forréttinda að geta farið á sjóinn af og til.

Í dag starfa ég sem blaðamaður hjá Morgunblaðinu ásamt því að starfa að hluta í neyðarskýli fyrir heimilislausar konur. Í tvö ár vann ég fyrir þingflokk Framsóknarflokksins og er störfum Alpings vel kunn, bæði utan og innan þingsalarins. Forréttindin sem fylgdu störfum fyrir flokkinn voru að fá að fara um kjördæmið, kynnast stöðum og ræða við fólk.

Ég hef komið víða við og fyrir utan hin ýmsu störf á Raufarhöfn hef ég til dæmis starfað við sjávarútveg á Þórshöfn, ferðapjónustu á Húsavík og menningarviðburði á Akureyri.

Ég legg áherslu á jafnrétti og sjálfbærni. Jöfn tækifæri þurfa að vera til náms, starfa og búsetu um land allt - úrlausnarefnin til að tryggja það eru mismunandi eftir stöðum.

Samgöngur og fjarskipti eru lífæðar samfélaga og framtíð byggða getur ráðist af stöðu innviða þeirra. Mikilvægi öruggra samgangna hefur minnt á sig aftur og aftur á síðustu misserum í baráttu við heimsfaraldur og náttúruöfl.

Tækifærin eru í fjarþjónustu - hvort sem er í heilbrigðisþjónustu, menntun eða almennum vinnumarkaði - enda hægt að veita þjónustuna hvar sem er, ekki einungis þiggja hana.

Rödd ungs fólks þarf að heyrast og framboð flokksins að endurspegla kraftinn í ungu Framsóknarfólki. Ungt fólk þarf tækifæri til að fylgja sínum málefnum eftir. Að vera ung hugsjónamanneskja felur það í sér að hugsa vel um þær kynslóðir sem hafa byggt undir framtíð okkar.

Verkefni framundan eru fjölbreytt og stór. Lykillinn að framtíðinni er og verður samvinna.

Kæru félagar, brettum upp ermar!



KRISTINN RÚNAR TRYGGVASON

**Ég gef kost á mér í 2.-4. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Ég heiti Kristinn Rúnar Tryggvason bóndi, Hóli Kelduhverfi, 53 ára gamall. Hlýði nafninu RÚNAR Á HÓLI. Giftur Hrund Ásgeirsdóttur, skólastjóra, á þrjá uppkomna syni og tvær afastelpur. Síðan 1989 hef ég staðið fyrir búrekstri, hefðbundnum búskap og allskonar öðru með eins og skógrækt, ferðapjónustu, verktakastarfsemi í landbúnaði og skólaakstri svo eitthvað sé nefnt.

Ég er virkur í félagsmálum í minni heimabyggð og fæ meira að segja að syngja með Karlakórnum Hreim. Það sem rekur mig áfram í stjórnsmál eru fyrst og fremst byggðamálin. Ég vil að Framsóknarflokkurinn beiti sér af meiri þunga en hann hefur gert undanfarið í byggðamálum. Um leið og flokkurinn sækir djarflega fram á höfuðborgarsvæðinu verður hann að vera trúr uppruna sínum og berjast af meiri sannfæringu fyrir hinum dreifðu byggðum. Við viljum ekki sjá fleiri ljós slokka í sveitunum eða litlu þorpunum en þá verðum við að hafa kjark til að gera eitthvað róttækt. Ég nefni skattkerfið og Lánasjóð íslenskra námsmanna sem dæmi um þau verkfæri sem við höfum til að sporna við þeirri þróun að nú búa 64% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu á meðan sama hlutfall er 26-36% á hinum Norðurlöndunum. Ég trúi því að hægt sé að styrkja byggð bæði í Grímsey og Raufarhöfn svo einhverjir staðir séu nefndir. Þar liggur beinast við að gefa veiðar frjálssar á bátum undir ákveðnum stærðarmörkum.

Við þurfum að hugsa landbúnaðarkerfið upp á nýtt, þar sem greiðslur þurfa í auknum mæli að miðast við fleira en kjöt og mjólk, s.s. landnýtingu og landvörslu. Þá þarf landbúnaður að hafa aðgengi að þolinmóðara og ódýrara fjármagni en raunin er. Samgöngur eru eitt mikilvægasta mál hinna dreifðu byggða. Þó ég sé ekki endilega talsmaður veggjalda, er í mínum huga mun betra að fá hvers kyns samgöngubætur sem fyrst með tímabundnum veggjöldum, heldur en bíða í jafnvel áratugi í veikri von um að til framkvæmda komi.

Varðandi sameiningu sveitarfélaga sé ég enga ástæðu til að það fari fram með valdboði, svo fremi að sveitarfélögin standi undir þeim verkefnum sem af þeim er ætlast. Fari menn hins vegar af stað í sameiningar á að mínu mati að hugsa stórt, mestu hagræðingarmöguleikar í sameiningu sveitarfélaga eru á höfuðborgarsvæðinu.

Það er hvorki gamaldags né hallærislegt að tala máli landsbyggðarinnar, heldur er það bæði skynsamlegt og þjóðhagslega hagkvæmt að halda landinu sem mest í byggð.

*Burtu er drungi og doði,
ég dugnaðar þekki mann.
Hér fáist þið #BÓNDA Í BODI,
nú barasta kjósið hann!*



LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR

**Ég gef kost á mér í 1. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Ég er uppalin á Fljótshéraði, hef nú búið í aldarfjórðung á Fáskrúðsfirði og um tíma á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi. Ég er gift Magnúsi Ásgrímssyni og eigum við fjögur börn á aldrinum 20-31 árs, auk tveggja barnabarna. Ég er menntaður líffræðingur með kennsluréttindi og diplóma í opinberri stjórnsýslu. Störf mína hafa lengst af tengst fræðslumálum og stjórnun; kennslu, verkefnastjórn og skólastjórn á Fáskrúðsfirði.

Í rúmlega sex ár hef ég verið þingmaður Norðausturkjördæmis 2013-2016 og 2017-2021, eftir að hafa starfað að sveitarstjórnarmálum frá 1998. Reynslan úr sveitarstjórn, stjórn Samtaka Sveitarfélaga á Austurlandi og öðrum félagsstörfum hefur nýst mér vel í þingstörfunum.

Jafnrétti til búsetu og jafnræði íbúa landsins eru mín baráttumál. Ég verð stöðugt ákveðnari í því að góðar samgöngur eru lykill að tækifærum og árangri í samfélagsþróun. Nú eru tilbúnar áætlanir um stórauknar samgönguframkvæmdir sem ég hef brennandi áhuga á að fylgja eftir. Brýn samgönguverkefni bíða um allt land og mikilvægt að halda áfram krafti í framkvæmdum við vegi, flugvelli og hafnir. Ísland á áfram að vera í fremstu röð í fjarskiptum og tryggja þarf að ljósleiðari verði lagður um alla byggðakjarna landsins. Samvinna um uppbyggingu samfélags er lykill að aðgengi allra landsmanna að menntun alla ævi, forvörnum og heilbrigðisþjónustu. Sterk tengsl atvinnulífs, samfélaga og háskólastarfs eru uppspretta hugmynda til nýsköpunar og þróunar og forsenda fjármögnunar.

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er grundvöllur íslensks efnahagslífs og því þarf samspil manns og náttúru að vera viðvarandi viðfangsefni stjórnmalanna. Ég legg áherslu á að land er auðlind sem á að vera í eigu landsmanna til framtíðar.

Stjórnmalamenn þurfa að vera tilbúnir að takast á við öll þau verkefni sem samfélagið stendur frammi fyrir hverju sinni hvort sem það eru náttúruöflin, farsóttir eða annað. Ljóst er að eitt stærsta verkefnið framundan er að fjölga störfum, efla og styrkja atvinnulífið í kjölfar COVID 19.

Í starfi kjörins fulltrúa hef ég byggt á menntun minni og reynslu úr lífinu. Mér finnst gaman að vinna verkefni í fjölbreyttum hópum, bæði í forystu og sem liðsmaður og kann að vinna að framgangi mála og samhæfa krafta til árangurs.

Ég býð fram reynslu mína og þekkingu til að leiða lista flokksins sem félagsmenn í kjördæminu velja.

www.facebook.com/lineikannas - <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=1170>

LÍNEIK ANNA BÝR Á FÁSKRÚÐSFIRÐI



ÞÓRARINN INGI PÉTURSSON

**Ég gef kost á mér í 2. sæti
á lista Framsóknarflokksins
í Norðausturkjördæmi fyrir
þingkosningar í haust.**



Ég er fæddur 22. ágúst 1972, sonur séra Péturs Þórarinssonar og Ingibjargar Svöfu Siglaugsdóttur. Kvæntur Hólmsfríði Björnsdóttur, kennara og bónda. Við eigum þrjú börn, Pétur fæddan 1997, Kötlu 1999 og Ingólf Birni 2001.

Ég er sauðfjárbóndi á Grund í Grýtubakkahreppi. Hef verið virkur í félagsmálum bænda um árabil. Sat í stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda frá 2007 – 2016 þar af sem formaður 2012 – 2016. Er í stjórn Búsældar ehf. og í varastjórn Norðlenska ehf. Í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps frá 2018. Hef verið fyrsti varapingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi 2017- 2021. Hef setið á Alþingi sem varapingmaður, janúar-febrúar og október 2018, janúar-febrúar, mars-desember 2019, janúar-apríl 2020. Og hef setið frá janúar 2021.


Starfsumhverfi landbúnaðarins er mér hugleikið og framtíðarhorfur íslensks landbúnaðar. Í landbúnaði felast ótal tækifæri til eflingar og nýsköpunar ef rétt er á málum haldið en með núverandi fyrirkomulagi komum við ekki til með að nýta þau tækifæri. Því verður að breyta. Grunnur allra samfélaga byggist á frumframleiðslu sem leiðir okkur til velsældar. Hagur allra hinna ólíku landsbyggða er nátengdur dreifðum byggðum og því þarf að efla og styrkja byggð á hverjum stað með áherslu á nýtingu þess sem landið og hafið gefur með sjálfbærum hætti. Samfélög eru ólík og hagsmunir ekki þeir sömu alls staðar, við búum ekki öll við sömu tækifæri. Leyfum íbúum að móta sína framtíðarsýn og nýta þau tækifæri sem bjóðast, hvort sem er í stórum eða litlum samfélögum. Nám óháð búsetu, samgöngur og trygg fjarskipti treysta byggðirnar. Það er forsenda byggðar að unga fólkíð sjái tækifærin hvar sem þau eru.

Viðsýrna samfélagsins felst í að nýta þau tækifæri sem landið hefur upp á bjóða með skynsamlegum hætti.

Umfram allt er ég samvinnumaður. Þess vegna aðhyllist ég gildi Framsóknarflokksins um samvinnu, félagshyggju og skynsamlega nálgun á hin ólíku viðfangsefni samfélags á hverjum tíma með heildarhagsmuni í huga umfram sérhagsmuni.

Því leita ég til ykkar eftir stuðningi.

Leiðbeiningar um póstkosningu Framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi



Ágæti viðtakandi.

Þú hefur fengið þessi gögn send þar sem þú ert skráður félagsmaður í Framsóknarflokknum.

Viljir þú afskrá þig sem flokksmann hjá Framsóknarflokknum skaltu senda á rafrænu formi póst á netfangið, framsokn@framsokn.is og tilgreina úrsögn í efnislínu og fullt nafn og kennitölu í póstinum sjálfum.

Afskráning félagsmanna er einungis heimil af skrifstofu Framsóknar.

Kosið er í sex efstu sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 25. september 2021.

Póstkosningin fer þannig fram að þú setur tölustaf fyrir framan nafn þess sem þú vilt kjósa. 1 fyrir framan þann sem þú vilt hafa í fyrsta sæti og 2 fyrir framan þann sem þú vilt hafa í öðru sæti og svo framvegis upp í sex sæti.

Athugið! Ef ekki er kosið í öll sex sætin þá er atkvæðið ógilt.

Þegar búið er að greiða atkvæði þá er atkvæðaseðillinn settur inn í umslagið sem á stendur **Atkvæðaseðill** og því lokað.

Næst er atkvæðaseðilsumslagið sett inn í umslag sem merkt er nafni kjósanda og því lokað. Skrifa þarf aftan á það umslag nafn kjósanda sem staðfestingu um að viðkomandi hafi kosið sjálf/ur.

Athugið! Ef ekki er skrifað aftan á umslagið er atkvæðið ógilt.

Næst er umslagið með nafni kjósanda sett inn í umslag sem á stendur **Svarsending**.

Athugið! Muna að loka öllum umslögunum vel.

Síðan að koma svarsendingarumslaginu á pósthús eða póstbox fyrir 30. mars nk.

Gangi ykkur vel.

Kjörstjórn Framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi